



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

BOLTI GEGN BÖLI – HREYSTI TIL HAGSÆLDAR

Bæjarráð Reykjanesbæjar

ÍT-ráð Reykjanesbæjar

Njarðvík 7.4.2021

Efni: Íþróttahreyfingin og Covid 19

Að gefnu tilefni, þar sem það virðist hafa farið fram hjá bæjarráði varðandi beiðni um fjárhagsaðstoð UMFN, þá vísum við til nokkurra bréfa okkar á þessu ári, fyrst bréf dags. 18.3.s.l. ásamt ársreikningi þar er óskað eftir aðstoð, síðan bréf dags. 2.2.s.l. þar sem verið er að svara bréfi frá fjármálastjóra Reykjanesbæjar dags. 21.1.s.l. þar sem óskað var eftir frekari gögnum og skýringum eftir fjarfund með ÍT-ráði þann 14.1.s.l. þar sem farið var yfir tekjufall deilda UMFN.

Eins og fram kemur í bréfinu um tekjufall þá er það óumdeildanlegt að tekjufallið er gríðarlegt og í þessu bréfi telur UMFN sig þurfa neyðarstyrk að fjárhæð kr. 15.000.000. til að halda öllu starfi deildanna gangandi á yfirstandandi ári.

Það er ekki hægt að miða við stöðu síðasta ársreiknings þar sem nánast engin starfsemi var í gangi hjá flestum deildum okkar s.l. ár og eins og þróunin var þá fóru deildir í gífurlegan sparnað því ekkert var vitað hvernig framhaldið yrði og sést það t.a.m. best á stöðu körfuknattleiksdeildarinnar í mfl. karla þar sem verið er að að berjast um að halda lífi í deildinni og er þetta að mestu leyti tilkomið vegna þess hvað langt var gegnið í sparnaði í launamálum leikmanna. Keppnistímabilið mun dragast langt fram á sumar ef það fer aftur í gang og eru því nánast öll útgjöld að koma á þessu ári, s.s allur ferðakostnaður, dómarakostnaður sem og aukakostnaður vegna ýmissa aðgera sem þarf að vera með vegna C-19.

Svo slæmt er ástandið hjá unglingaráði kkd að ekki er víst að hægt verði að greiða laun í apríl eins og greinilega kom frá í greinargerðinni sem send var ÍT-ráði í janúar.

Það þarf að vera einhver skynsemi í gangi þegar horft er á fjárhagsstöðuna og að refsar fyrir ábyrgta stjórnun útgjalda er alls ekki sanngjarnt eins og verið er að gera núna. Við höfum ekki talið það ábyrgt að keyra allt á fullu árið 2020 og svo bara sjá til hvað verður, nú ef allt er í tómu tjóni þá verður bærinn bara að redda málunum.

Reykjanesbær-íþróttabær þarf að standa undir nafni og ekki mismuna tveimur stærstu félögunum.

Það er krafa okkar að sanngirnis og jafnréttis sé gætt þegar ákveðið er að styrkja íþróttafélögin í bænum.

Með íþróttakveðju

f.h. aðalstjórnar UMFN

Ólafur Eyjólfsson formaður